



Akureyrarbær



# Ársskýrsla Akureyrarbæjar 2022



Bæjarstjóri, bæjarstjórn  
og bæjarráð

# Ávarp bæjarstjóra

Íbúar Akureyrar voru rétt undir 20.000 í lok árs 2022 og markinu var náð um miðjan apríl á þessu ári. Allt bendir til þess að bæjarbúum haldi áfram að fjölga með stigvaxandi hraða á næstu árum því hér líður fólki vel og hér er gott að búa.

Framkvæmdir í nýjum hverfum ganga vel. Holtahverfi byggist hratt upp og framkvæmdir í Móahverfi eru hafnar. Einnig er ánægjulegt að sjá nýjar byggingar rísa í miðbænum sem ég er sannfærð um að munu bæta allt skipulagið á þessum dýrmætu reitum og gera bæinn okkar um leið mun meira aðlaðandi.

Rekstur sveitarfélagsins var þungur undir lok ársins 2021 en með samhentunni á áttum, ráðdeild og harðfyllgi, tókst okkur að snúa vörn í sókn. Farið var ofan í hvern einasta rekstrarlið og leitað leiða til að gera betur. Á sama tíma var ráðist í umfangsmiklar stjórnsýslubreytingar með það að markmiði að einfalda reksturinn, bæta þjónustu og lækka rekstrarkostnað. Sveitarfélagið heldur áfram að veita fyrirtaks þjónustu og við leggjum að sjálfsögðu höfuðáherslu á að sinna lögbundnum verkefnum af kostgæfni.

Við lifum á stafrænum tímum og enginn vafi leikur á að ný tækni mun gera okkur kleift að veita enn betri þjónustu með skilvirkari hætti á allra næstu árum. Nú er nýtt smáforrit, Akureyrarappið, komið í tilraunafasa en forritið mun nýtast vel til betri útfærslu á ýmsum þjónustubáttum. Við gáfum út svokallað Lýðheilsukort fyrir fjölskyldur sem hvetur fólk til heilbrigðara lífennis með því að veita aðgang að Hlíðarfjalli, Sundlaug Akureyrar og Skautahöllinni á sanngjörnu verði. Loks hefur rafræn afgangur erinda vaxið hröðum skrefum í þjónustugátt bæjarins og svo mætti áfram telja. Við ætlum okkur stóra hluti á þessu sviði því framtíðin er stafræn.

Nú á tímum eru umhverfismál og baráttan gegn loftlagsbreytingum okkur ofarlega í huga. Vorið 2022 var ný umhverfis- og loftlagsstefna Akureyrarbæjar samþykkt í bæjarstjórn en þar er sett fram það meginmarkmið að ná að lágmarki kolefnishlutleysi og fullum orkuskiptum fyrir árið 2040.

Það var táknrænt innlegg í þá umræðu að fyrir jólin 2022 hættum við að flytja jólatré frá danska vinabænum Randers yfir hafið. Þess í stað fellum við jólatré í bæjarlandinu og vinabæirnir senda hvor öðrum rafræna jólakveðju.

Akureyri heldur áfram að festa sig í sessi sem höfuðstaður Norðurlands og þjónustumiðstöð fyrir allan landshlutann. Framtíðin er björt.



A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Askrúður Gunnarsson'.





# Bæjarbúar

Samkvæmt tölum frá Íbúaskrá Akureyrar voru íbúar Akureyrar **19.896** hinn 1. desember 2022 og hafði **fjölgað um 309** eða um 1,55%. Karlar voru 10.008 og konur 9.879, annað 9.

1. desember 2021 voru íbúar Akureyrarbæjar 19.587, þar af voru Hríseyingar 163 og Grímseyingar 61.

Frá 2. desember 2021 til 1. desember 2022 fæddust 219 börn en 147 bæjarbúar létust. Aðfluttir umfram brottflutta voru 237. Þá var elsti íbúi bæjarins Marteinn Sigurólason, fæddur 9. ágúst 1922.





# Bæjarstjórn, bæjarráð og kosningar

Bæjarstjórnarkosningar voru haldnar 14. maí 2022 og annaðist starfsfólk þjónustu og þróunar undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu kosninganna í samstarfi við yfirkjörstjórn. Fól sú vinna meðal annars í sér undirbúning kjörskrár og annarra gagna í aðdraganda kjördags, uppsetningu og vinnu á kjörstað, fræðslu og aðstoð við nýkjörna fulltrúa.

Á kjörskrá í Akureyrarbæ voru 14.688. Talin atkvæði voru 9.422 og kjörsókn því 64,1%. Að loknum kosningum gerðu L-listinn, Sjálfstæðisflokkurinn og Miðflokkurinn með sér samning um meirihlutasamstarf í bæjarstjórn. Á fyrsta fundi nýrrar bæjarstjórnar 7. júní var Heimir Örn Árnason kjörinn forseti bæjarstjórnar til eins árs, Halla Björk Reynisdóttir 1. varaforseti og Sunna Hlín Jóhannesdóttir 2. varaforseti. Halla Björk Reynisdóttir var kjörin formaður bæjarráðs og ásamt henni voru kosin í bæjarráð til eins árs Heimir Örn Árnason varaformaður, Hlynur Jóhannsson, Sunna Hlín Jóhannesdóttir, Hilda Jana Gísladóttir, Brynjólfur Ingvarsson áheyrnarfulltrúi og Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir áheyrnarfulltrúi.

Bæjarstjórn hélt 18 fundi á árinu 2022, einum fleiri en árið áður, og bæjarráð hélt 40 fundi, tveimur færri en árið áður.

Hverfisráð Hríseyjar hélt níu fundi á árinu, auk aðalfundar, og hverfisráð Grímseyjar hélt þrjá fundi.





## Akureyrarbær

Þetta skjal er hluti af ársskýrslu Akureyrarbæjar 2022, aðra hluta má sjá á vef Akureyrarbæjar [akureyri.is](http://akureyri.is) undir Stjórnkerfi > Útgefið efni > Ársskýrslur

Útgefandi: Akureyrarbær 2023

Ritstjórn: Ragnar Hólm Ragnarsson

Yfirllestur og prófarkir: Brynja Björk Pálsdóttir og Ragnar Hólm Ragnarsson

Ljósmyndir: María Helena Tryggvadóttir

Mynd af bæjarstjóra: Daníel Starrason

Hönnun og umbrot: Blek hönnunarstofa, blekhonnun.is